



35. FUNDUR VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS 23 NÓVEMBER 2018

FUNDARGERÐ

Fundartími: Föstudagurinn 23 nóvember 2018, kl. 12:00-14:00

Fundarstaður: Norræna húsinu

Fundarmenn Vísinda- og tækniráðs: Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra (stýrði fyrri hluta fundar) fór af fundi 12:55, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Lilja Alfredsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra (stýrði seinni hluta fundarins), Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, Ragnheiður Magnúsdóttir, Ari Kristinn Jónsson, Ásdís Jónsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Jón Atli Benediktsson, Karl Andersen, Sveinn Margeirsson, Steinunn Gestsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Eyrún Valsdóttir, Gunnar Haraldsson, Ingvar Kristinsson (varamaður Guðna Axelssonar) Tinna Laufey Ásgeirsdóttir (varamaður Helgu Zoëga)

Að auki sátu fundinn: Elísabet M Andrésdóttir (ritaði fundargerð), Steinunn Halldórsdóttir (mennta- og menningarmálaráðuneyti) Sigrún Ólafsdóttir (forsætisráðuneyti), Katrín Anna Guðmundsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti), Herdís Schopka (umhverfis- og auðlindaráðuneyti). Áslaug Einarsdóttir (velferðarráðuneyti) Sigríður Valgeirsdóttir (atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti) Hallgrímur Jónasson (Rannís) Gestur fundarins var Anna Sigríður Guðnadóttir upplýsinga- og stjórnsýslufræðingur

1. Setning fundar – drög að dagskrá, fundargerð samþykkt.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra setti fundinn og lagði fram drög að dagskrá. Hún var samþykkt. Fundargerð 34. fundar var samþykkt.

2. Tillaga um samfélagslegar áskoranir fyrir Ísland borin upp til samþykktar

Ragnhildur Helgadóttir fór yfir vinnu nefndanna og vinnuhóps á vegum nefndanna um samfélagslegar áskoranir. Hugmyndin bak við það að skilgreina samfélagslegar áskoranir er að nýta niðurstöðuna sem grunn að þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og til að nýta í einhverskonar forgangsroðun s.s. til að styðjast við í afmörkun markáætlunar. Það hefur ekki verið útfært frekar og í því sambandi þarf Vísinda- og tækniráð að leggja línurnar.

Formaður ráðsins bar minnisblaðið upp til atkvæða og var það samþykkt einróma.

3. Hvernig gengur okkur að framfylgja stefnunni?

Farið var stuttlega yfir aðgerðir og stöðu þeirra. Almennt gengur nokkuð vel að framfylgja stefnunni en aðgerðirnar eru mislangt komnar. Hugsanlega þarf að hugsa þær aðgerðir sem settar eru niður í stefnu sem aðgerðir til skemmri og lengri tíma en það mun bíða frekari umræðu.

4. Kveikja – Opin vísindi

Anna Sigríður Guðnadóttir fjallað um það sem kallast opinn aðgangur að rannsóknargögnum sem verða til í rannsóknum sem kostaðar eru af opinberu fé sem og opinn aðgang að rannsóknaniðurstöðum og fór yfir stöðu mála á Norðurlöndunum sem innlegg í umræðu um hvaða leið Ísland eigi að fara.

5. Skýrsla formanna nefnda í lok starfstíma

Ragnheiður Magnúsdóttir formaður tækninefndar fór stuttlega yfir starfstíma nefndanna.

Það sem stendur upp úr á tímabilinu er að samfélagslegar áskoranir hafa verið skilgreindar fyrir Ísland í fyrsta sinn. Það gefur okkur tækifæri til enn frekara samstarfs í samfélagi þjóða og einnig grundvöllur að meira samstarf verði til í vísindastarfi, nýsköpun og atvinnulífinu. Markáætlun til þriggja ára var sett í gang til að efla stöðu íslenskrar tungu í tölvum og tækni, Vísinda- og tækniráð hefur lagt mat á niðurstöður sérfræðingahóps um mannafla- og færnisþár á íslenskum vinnumarkaði. Vinna við mótun heildstæðrar nýsköpunarstefnu er hafin. Þátttaka í stýrihópi. Kallast vel á við aðgerð 8. Annað er í vinnslu og miðar vel áfram.

Hún tók það jafnframt fram að starfi nefnda ekki lokið, nefndirnar eiga eftir að funda einu sinni og minnisblað kemur frá formönnum nefnda við lok starfsins.

6. Umræður

Rætt var um störf nefndanna síðast liðin þrjú ár, opin vísindi og þau málefni sem íslenskt rannsóknasamfélag þarf að takast á við í því ferli.

7. Önnur mál

Mennta- og menningarmálaráðherra greindi frá því að fjárframlög til Rannsóknasjóðs verði skorin niður um 144 milljónir króna en framlög til rannsóknáætlunar ESB aukist á sama tíma um 200 milljónir króna. Þrátt fyrir þetta er verið að auka framlög í málaflokkinn um 750 milljónir.

Gert er ráð fyrir því að næstu fundir ráðsins verði 8. mars og 7. júní 2019.

8. Fundi slitið

Fundi var slitið kl. 14:01